Sýning á verkum Lennons á Kjarvalsstöðum:

Eftirprentanir en ekki grafík


– segir Ríkharður Valtingojer grafíklistamaður

Einn af fremstu og virtustu grafíklistamönnum landsins, Ríkharður Valtingojer Jóhannsson, segir í samtali við DV að Kjarvalsstaði hafi sett niður fyrir að standa að farandsýningu á myndum tónlistarmannsins Johns Lennons. Ríkharður hefur skoðað myndirnar vel og telur að um eftirprentanir sé að ræða en ekki grafík. Slíkt telur Ríkharður fyrir neðan virðingu Kjarvalsstaða að bjóða upp á.

„Ég hef skoðað sýninguna út frá tæknilegu sjónarmiði og hvernig hún er framsett. Ákveðnar skilgreiningar eru til á grafík, ekki hjá myndlistarmönnum heldur hjá galleríum og „bisnessmönnum". Ef ég tek teikningu frá þér og fer með hana í prentsmiðju þá er það ekki grafík heldur eftirprentun. Þetta eru eftirprentanir á sýningunni á Kjarvalsstöðum, unnar á mjög vandaðan og dýran hátt. Ég get sannað það eftir alþjóðlegum reglum. Þá geta allir gert það upp við sig hvað þeir vilja borga fyrir eftirprentun."

Ríkharður líkir Lennon-sýningunni við sýningu á verkum Salvadors Dalí á Kjarvalsstöðum árið 1980. Þar hafi eftirprentanir verið sýndar og seldar en munurinn sá að þá hefðu aðstandendur Kjarvalsstaða ekki staðið að sýningunni heldur „bisnessmaður" í samstarfi við sænskt gallerí. Nú sé það listráðunautur Kjarvalsstaða sem hafi sett sýninguna upp.

Máli sínu til stuðnings bendir Ríkharður á að ekkert samræmi sé á milli sýningarskrár og sýningar. Myndir á veggjum séu ekki þær sömu og sýndar séu í skránni, undirskriftir og stimplar ekki hinir sömu.



Rikharður Valtingojer grafiklistamaður á sýningu Kjarvalsstaða á verkum Lennons sem hann segir vera eftirprentanir en ekki grafík. DV-mynd BG

Gunnar Kvaran um gagnrýni Ríkharðs:

Grafíkmynd er í eðli sínu þrykk

„Frumeintök í skúlptúr og grafík eru allt önnur hugtök en í olíuverkum. Grafíkmynd er í eðli sínu alltaf þrykk. Síðan er það stóra spurningin um að viðkomandi listamenn gera upprunalegu teikningarnar en svo er ekki nema hluti af listamönnum sem vinnur sjálfar grafíkmyndirnar. Í þessu tilfelli vann Lennon, eins og margir aðrir listamenn, ekki sjálfar grafíkmyndirnar og tæknilega fráganginn. Á sama hátt koma margir myndhöggvarar aldrei nálægt bronsafsteypunni, þeir gera bara gifsmyndirnar. Þetta eru fyrst og fremst grafíkmyndir, gerðar eftir teikningum Lennons og gefnar út af honum sjálfum og að hluta til dánarbúinu," sagði Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, við DV um gagnrýni Ríkharðs Valtingojers.

Gunnar vísar því alfarið á bug að sýningin á verkum Lennons sé fyrir neðan virðingu Kjarvalsstaða. Hún hafi hlotið einróma lof gagnrýnenda og alls hafi 10 þúsund manns séð sýninguna.

„Við verðum að gera greinarmun á verkþætti og skapandi hugmyndagerð. Þá erum við komin að samlíkingum. Það eru margir góðir bakarar til í Reykjavík en það eru ekki svo margir í því að finna upp og skapa nýjar kökur. Við virðum skoðanir Ríkharðs en þær eru ekki stóri dómur eða sannleikur."

Árásarmaðurinn í Svíþjóð:

Frá lögreglu á geðdeild

Íslendingnum sem lagði tvær íbúðir í rúst í Jönköping í Svíþjóð 28. febrúar síðastliðinn hefur verið sleppt úr haldi lögreglu. Hann var lagður inn að eigin ósk á geðdeild sjúkrahúss í Svíþjóð.

Að sögn Johns Henriks Stigemyrs, yfirmanns rannsóknarlögreglunnar í Jönköping, hefur maðurinn ekki getað gefið frekari skýringar á hegðun sinni, en hann ógnaði konu með hníf auk þess að leggja íbúðirnar í rúst. Ákæra liggur ekki fyrir í málinu og ekki heldur niðurstaða í rannsókn á innihaldi áfengisflösku í íbúð konunnar né blóðprufu úr manninum.

-pp

NÓATÚN

Tilboð fyrir helgina!



Frosin Lambalæri 499.- pr.kg.

Fyrir fermingarnar:

4 stk. STÓRIR NÓATÚNS Hamborgarar m/brauði 289.-

Nýreyktur Nóatúns Svína Hamborgarhryggur 998.- pr.kg.

Hangiframpartar, úrbeinaðir 799.- pr.kg.

Bayonne skinka 795.- pr.kg.

1. flokks Sjóeldislax 399.- pr.kg.

ELKES súkkulaðikex 500 gr. 159.- pakkinn

Ungnauta innanlæri UN 1 1.298.- pr.kg.

Eldhússrúllur 4 stk. 99.-

Kjöris Sparís 2 ltr. 299.-

Bakarabrauð Samsölu Bakarí Hvítlauksbrauð gróf og fín 99.- pakkinn

SAICO FRUIT COCKTAIL IN LIGHT SYRUP Blandaðir ávextir 1/1 dós 69.-

Tropikal Nektar og Appelsín 2 x 1 ltr. 99.-

Jólakaka og Sandkaka 129.- pr.stk.

Samlokubrauð gróf 99.- pr.stk.

NÓATÚN

NÓATÚN 17 – S. 561 7000, ROFABÆ 39 – S. 567 1200, LAUGAVEGI 166 – S. 552 3456, HAMRABORG 14, KÓP. – 554 3888, FURUGRUND 3, KÓP. – S. 552 2062, ÞVERHOLTI 6, MOS. – S. 566 6656, JL-HÚSINU VESTUR Í BÆ – S. 552 8511, KLEIFARSELI 18 – S. 567 0900.